

Yfirlit frjómælinga í Garðabæ sumarið 2015

Frjómælingar hófust 13. apríl í Urriðaholti í Garðabæ og stóðu út september. Þetta var fimmta sumarið sem frjómælingar fóru fram í Urriðaholti. Heildarfjöldi frjókorna varð 3001 frjó/m³ sem er undir meðallagi (3500). Frjókornasumarið í Garðabæ var með hefðbundnum hætti. Grasfrjó voru algengust eins og undanfarin þrjú ár, 1377 frjó/m³, sem er aðeins undir meðallagi (1432). Birkifrjó urðu 430 frjó/m³ sem er talsvert undir meðallagi (1041). Vorið var frekar óhagstætt fyrir ösp en heildarfjöldi þeirra varð 19 frjó/m³. Alls voru borin kennsl á 25 mismunandi frjó- og grógerðir. Í töflunni hér fyrir neðan er yfirlit yfir þær og þeim raðað eftir fjölda.

1. tafla. Frjó- og grógerðir í Garðabæ sumarið 2015, raðað eftir fjölda

Frjó- eða grógerð	Latneskt heiti	Fjöldi frjókorna í m ³ loft
Gras	<i>Poaceae</i>	1377
Birki	<i>Betula</i>	430
Fura	<i>Pinus</i>	341
Súra	<i>Rumex</i>	197
Stör	<i>Cyperaceae</i>	96
Lyng	<i>Ericales</i>	77
Elfting	<i>Equisetum</i>	44
Víðir	<i>Salix</i>	39
Lúpína	<i>Leguminosae</i>	32
Rósaætt	<i>Rosaceae</i>	23
Kattartunga	<i>Plantago</i>	23
Hæra	<i>Juncaceae</i>	22
Ösp	<i>Populus</i>	19
Sveipjurtir	<i>Apiaceae</i>	13
Mjadjurt	<i>Filipendula</i>	12
Maðra	<i>Rubiaceae</i>	10
Sóley	<i>Ranunculus</i>	8
Brjóstagrass	<i>Thalictrum</i>	7
Einir	<i>Juniperus</i>	6
Greni	<i>Picea</i>	4
Fífill	<i>Taraxacum</i>	4
Körfulóm	<i>Aster</i>	4
Yllir	<i>Sambucus</i>	4
Elri	<i>Alnus</i>	3
Netla	<i>Urtica</i>	1
Óþekkt ógreinanlegar	/ <i>incognito</i>	205

Fyrsta frjókorn ársins mældist 14. apríl og ekki reyndist unnt að greina það. Næstu daga voru það mest ógreinanleg frjó sem bárust í frjógildruna.

Í maí voru lyngfrjó mest áberandi og varð heildarfjöldi þeirra 41 frjó/m³. Fyrsta asparfrjó kom í gildruna 6. maí og það síðasta kom í gildruna 5. júní. Frjótala aspar var þó ávallt lág og varð heildarfjöldi asparfrjóa í sumar aðeins 19 frjó/m³.

Fyrsta birkifrjó kom í gildruna 17. maí. Frjótala birkis fór hæst í 64 frjó/m³ þann 26. júní. Samkvæmt þrengstu skilgreiningu á frjótíma telst frjótími birkis hafa staðið frá 14. júní til 30. júní eða í 17 daga. Heildarfjöldi birkifrjóa varð 430 og hlutfall birkifrjóa af heildarfjölda frjókorna var aðeins 14%.


Fyrsta grasfrjó sumarsins mældist ekki fyrir en 18. júní. Hæst fór frjótala grasa í 131 þann 25. ágúst. Gerðist það aðeins einu sinni í sumar að frjótala grasa fór yfir 100. Mest var um grasfrjó í júlí og varð heildarfjöldi þeirra 616. Grasfrjó voru samfelld í lofti frá 20. júní til 10. ágúst með einni undantekningu. Heildar-

fjöldi grasfrjóa varð 1377 frjó/m³. Þegar þrengsta skilgreining á frjótíma er notuð telst frjótími grasa hafa staðið frá 27. júní til 26. ágúst eða í 61 dag.

Heildarfjöldi súrufrjóa varð 197 sem er yfir meðallagi (133). Frjótala súru er alla jafna fremur lág. Í sumar fór frjótalan fimm sinnum yfir 10. Fyrsta súrufrjó kom mældist 22. júní og voru þau algeng í lofti fram til 7. ágúst en mældust stopult eftir það.



Flest frjókorn voru í lofti þann 25. ágúst en þann dag mældust grasfrjó í hámarki, eins og áður sagði. Í maí voru fimm dagar þar sem engin frjókorn mældust, í júní var einn dagur en í júlí og ágúst mældust frjókorn í lofti alla daga. Í september mældust frjókorn stopult í lofti og frjótalan fór aldrei yfir 10 í mánuðinum.



1. mynd. Heildarfrjómagn og skipting í helstu frjógerðir í Garðabæ 2011–2015

Þegar á heildina er litið var júlí frjóríkasti mánuðurinn með 1223 frjó/m³ sem er talsvert yfir meðallagi (888). Í júní mældust 949 frjó/m³ sem er talsvert undir meðallagi (1589). Í ágúst varð heildarfjöldi frjókorna 696 sem er yfir meðallagi (512). Samanlagt var heildarfrjómagn sumarsins 3001 frjó sem er aðeins undir meðallagi (3500). Fjöldi frjókorna í maí varð aðeins 74 frjó/m³ sem er undir meðallagi (342). Skiptir þar mestu að birkið var fremur seint á ferðinni í ár og blómstraði ekki fyrr en um miðjan júní. Heildarfjöldi frjókorna í apríl og september var aðeins undir meðallagi en alla jafna eru frjótölur fremur lágar í þessum mánuðum.

2. tafla. Fjöldi frjókorna í Garðabæ sumarið 2015 og meðaltal áranna 2011–2014

Mánuður	2015	Meðaltal
Apríl	11	30
Maí	74	342
Júní	949	1589
Júlí	1223	888
Ágúst	696	512
September	48	53
Samtals	3001	

8. október 2015

Lára Guðmundsdóttir

